



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2217
komudagur 15.4.2008

Dagsetning
14.04.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Hér með sendist afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar á erindi, þar sem óskað var umsagnar um eftirtalin lagafrumvörp: Skipulagslög mál nr. 374, lög um mannvirki mál nr. 375 og lög um brunavarnir mál nr. 376.

0802208 - Umhverfisnefnd Alþingis, frumvörp til umsagnar

Tekið fyrir að nýju bréf umhverfisnefndar alþingis dags. 26.02.2008 þar sem óskað er umsagnar um eftirtalin lagafrumvörp: Skipulagslög, lög um mannvirki og lög um brunavarnir. Áður lögð fram tillaga sviðsstjóra að umsögn um lögum dags. 03.03.2008. Frestað á síðasta fundi.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir tillögur sviðsstjóra að umsögnum of felur honum að ljúka meðferð málssins í samræmi við þær.

Meðfylgjandi eru umsagnir sviðsstjóra sem samþykktar voru:

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, dags. 03.03.2008.


Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki, dags. 03.03.2008.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, dags. 03.03.2008.

Áður sent í tölvupósti.

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri
skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar



Dagsetning
03.03.2008

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL SKIPULAGSLAGA

Mál nr. 374. Lagt fyrir Alþingi á 135.löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til skipulagslaga. Umsagnarfrestur er til 11. apríl n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarsviðs um frumvarpið, teknar saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.


III. kafli. Landsskipulag.

10. og 11.gr.

Í 10.gr. segir m.a. “Í landsskipulagsáætlun er mörkuð stefna stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmunum. Í landsskipulagsáætlun er stefna stjórnvalda um skjálfbæra þróun útfærð með tiliti til skipulagsgerðar sveitarfélaga og eftir þörfum samræmd stefna opinberra aðila um landnotkun m.t.t. efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.” Í 11.gr. segir enn fremur: “Ráðherra ákveður áherslur landsskipulagsáætlun hverju sinni og felur Skipulagsstofnun að vinna drög að landsskipulagsáætlun. Þau skulu unnin í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga.”

Umsögn:

Hugmyndin um landsskipulagsáætlun er jákvæð sem tæki til samræmingar á vissum yfirgripandi þáttum skipulags, einkum hvað varðar umhverfismál og tæknileg, efnahagsleg og félagsleg kerfi sem taka til landshluta eða landsins alls. Æskilegt er þó að skilgreina nánar til hvaða þátta landsáætlun á að taka. Þróun undanfarinna ár hefur verið í þá átt að auka sjálfstæði og ábyrgð sveitarfélaga á öllum stigum skipulags. Þar sem landsáætlun er bindandi fyrir önnur skipulagsstig, virðist þetta opna möguleika á að skerða sjálfstæði sveitarfélaga í skipulagsmálum með því að fela ráðherra og stjórnvöldum sjálfðæmi í því til hvaða þátta skipulagið á að taka hverju sinni. Ekki verður heldur séð hvers vegna gera á Samband sveitarfélaga að yfirvaldi í þessu sambandi, þótt tillagan sé síðar send til umsagnar sveitarfélaga og hagsmunasamtaka. Eðlilegt virðist að hér sé hafður á sami háttur og við önnur stig skipulagsins (sjá greinar 23, 30 og 40 og umsögn um þær), að ráðherra/Skipulagsstofnun taki saman lýsingu á skipulagsverkefninu þegar vinna við það hefst, þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur ráðherra hyggst hafa við gerð skipulagsins, forsendur þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart sveitarfélögum og hagsmunaaðilum. Þessi lýsing verði send til umsagnar sveitarfélaga og hagsmunaaðila.



VI. kafli. Svæðisskipulagsáætlanir.

21.gr.

Hér er talað um að í svæðisskipulagi skuli sett fram stefna þar sem talin er þörf á að samræma hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðandir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni o.s.frv.

Umsögn:

Það verður að teljast jákvætt að svæðisskipulag sé skilgreint á þann hátt að það nái aðeins til yfirgripandi þátta, en ekki sé litið á það sem útaukið aðalskipulag fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög. Æskilegt er þó að lögin eða skipulagsreglugerð skilgreini nánar um hvaða þætti er hugsanlega að ræða.

22.gr.

Hér segir m.a. að svæðisskipulag skuli vera í gildi fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.

Umsögn:

Öðrum sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau geri svæðisskipulag, og hljóta þau þá að verða að ver sammála um það til hvaða þátta skipulagið skuli taka, ef þau ákveða á annað borð að gera skuli svæðisskipulag. Ekki er öruggt að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu geti komist að slíku samkomulagi, en eru samt skylduð til að gera svæðisskipulag. Æskilegt er því að annað hvort sé tekið fram eitthvert lágmark þátta sem svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins á að taka til, eða sett um það ákvæði hvernig á að leysa hugsanlegan ágreining um það.

23.gr.

Þar er kveðið á um að þegar vinna við svæðisskipulag hefst skuli svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á verkefninu, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum áherslum, stefnu, forsendum og kynningu verkefnisins.

Umsögn:


Tekið er undir það sjónarmið að þetta auki gagnsæi skipulagsvinnunnar.

26.gr.

Hér er svæðisskipulagsnefnd falið að meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið.

Umsögn:

Það er jákvætt að svæðisskipulagið sé það sveigjanlegt að ekki þurfi að gera breytingar á því vegna smávægilegra breytinga á aðalskipulagi. Þar sem í 25. grein segir að þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulagi séu bundin af stefnu þess, verður þó að rýmka möguleika þeirra á að fá því breytt, þannig að þau séu ekki alfarið komin undir meirihlutaákvörðun svæðisskipulagsnefndar hvað endurskoðun varðar. Aðstæður kunna að breytast, þannig að einu sveitarfélagi sé mjög í óhag að vera bundið af stefnu svæðisskipulagsins, hugsanlega í 12 ár eða lengur.



VII. kafli. Aðalskipulagsáætlanir.

28. gr.

Hér er m.a. talað um að byggðamynstur skuli ákvarðast í aðalskipulagsáætlun, þar sem byggðamynstur er skilgreint sem löggun og yfirbragð byggðar, svo sem hæð og þéttleiki.

Umsögn:

Hér virðist vera hættu á að byggðamynstur sé túlkað mjög þröngt, allt niður í smáatriði. Þar sem aðalskipulag tekur til a.m.k. 12 ára er ómarkvisst að skilgreina smáatriði til svo langs tíma. Hér verður að gera ráð fyrir að í aðalskipulagi séu ákvæði um byggðamynstur meira í formi ramma en nákvæmrar skilgreiningar.

30. gr.

Sbr. 23. gr.

36. gr.

Hér er talað um að ekki þurfi að auglýsa óverulega breytingu á aðalskipulagi leiði hún ekki af sér verulegar breytingar á landnotkun, sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.

Umsögn:

Þessi breyting á lögnum verður að teljast mjög jákvæð, þar sem eldra ferlið tafði oft afgreiðslu einfaldra mála mjög að óþörfu.

VIII. kafli. Deiliskipulagsáætlanir.

40. gr.


Sbr. 23. og 30. grein.

41. gr.

Hér segir m.a. að sé tillaga að deiliskipulagi ekki á samræmi við aðalskipulag skuli samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða.

Umsögn:

Þótt ákvæði um óverulega breytingu á aðalskipulagi sbr. 36. grein auðveldi málsmeðferð á deiliskipulagstillögum, sýnist hér vera þörf á rýmri fráviksheimild en þar er skilgreind. Þótt deiliskipulagstillaga hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér, er ekki þar með sagt að hún hafi áhrif á stefnu sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaðróun o.s.frv. eða snerti hagsmuni einstaklinga. Þótt aðalskipulag sé rétt hærra en deiliskipulag verður að vera á því möguleiki að líta á þessi skipulagsstig sem samverkandi, þannig að deiliskipulag geti leitt af sér aðalskipulagsbreytingu. Það gæti t.d. verið háð mati Skipulagsstofnunar hvenær frávik væru leyfð varðandi auglýsingu.



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

43.gr.

Hér er m.a. talað um að þegar um óveruleg frávik frá skipulagi sé að ræða og hagsmunir nágretta skerðist í engu, geti sveitarstjórn geti sveitarstjórn heimilað að grenndarkynningar sé ekki þörf við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Umsögn:

Tekið er undir það mat sem fram kemur með frumvarpinu að þetta geti auðveldað malsmeðferð og málshraða.

44.grein.

Hér segir m.a. að þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skuli skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.

Umsögn:

Það sýnist varasamt að hafa þessa heimild án takmarkana, þar sem það getur hvatt sveitarfélög til að sniðganga deiliskipulagsstigið. Rétt virðist því vera að binda þetta ákvæði með einhverju móti við umfang framvæmdanna.

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

Dr. Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs